

## 9. fundur stjórnar

Starfsárið 2023-2024

11. október 2023

**Viðstödd eru:** Álfur, Bjarndís, Kristmundur, Mars, Þórhildur, Hrönn (áheyrnarfulltrúi félagaráðs) og Daníel (framkvæmdarstj.)

**Fundargerð ritar:** Kristmundur Pétursson

**Fundur settur:** 16:27

### 1. Fastur liður ungmennaráðs

Engin fulltrúi frá ungmennaráði situr fundinn.

### 2. Staða á stefnu stjórnar

Álfur segir frá því að gögn úr stefnumótunarferð komin til okkar, það er ljóst að góð vinna var unnin í ferðinni.

### 3. Dagsetning félagsfundar

Stjórn ákvað að festa 16. nóvember, dag íslenskrar tungu, fyrir félagsfund.

### 4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri segir frá því að umsóknir eru opnar fyrir stöðu rekstrarstýris sem stendur til að gera breytingar á og auglýsa aftur. Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á skrifstofu í endurskoðun. Framkvæmdastjóri tilkynnir um breytingar í starfsmannahóp framundan, Tóttla og Villi Ósk hafa sagt upp störfum, Íris Tanja er á leiðinni í starfsleyfi.

### 5. Skráning raunverulegra eigenda hjá Skattinum

Stjórn þarf að undirrita skráningu raunverulegra eigenda félagsins á komandi dögum.

### 6. Hver er staðan? - Bakslag, ráðstefnan og pride

Mikil búið að ganga á undanfarnar vikur sem mæðir á samfélaginu okkar.

### 7. Samtökin '78 og mótmæli - Retrospect á mótmælin vegna Ítalíu og umræða um stefnumörkun

Mars leggur fram hugleiðingu um við hvaða tilefni skuli kalla til mótmæla og hver eigi að skipuleggja mótmæli.

### 8. Önnur mál

#### a. ILGA Europe

Framkvæmdastjóri kemst ekki á ráðstefnuna sem fer fram í lok október, stjórn ræddi hvern væri hægt að senda út í staðinn.

#### b. Sjálfsvarnarnámskeið

Hrönn segir frá því að við getum fengið sjálfsvarnarkennslu þegar okkur hentar

**Fundi slitið: 17:40.**